

135. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands

haldinn að Austurvegi 56, miðvikudaginn 20 september 2006.

Mættir: Ólafur Áki Ragnarsson varaformaður, Örn Þórðarson, Björn B. Jónsson varamaður og Guðmundur Tryggvi Ólafsson sem ritaði fundargerð.

1. Urðunarrein nr. 9.

Stjórnin samþykkir að fara í framkvæmdir við rein 9.

2. Deiliskipulag á Kirkjuferjuháleigu.

Skipulagsstofnun gerði athugasemdir við texta með deiliskipulagi, aðilar máls hafa fallist á að verða við athugasemdum skipulagsstofnunar og mun tillagan verða tekin fyrir hjá Sveitarfélaginu Ölfus í byrjun október.

3. Meðhöndlun sláturúrgangs, framhald verksmiðju í Heiðargerði 5.

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu mála.

4. Önnur mál.

- Rekstrarleigusamningur MN 642

Stjórn samþykkir að breyta rekstrarleigufyrirkomulagi yfir í bifreiðastyrk til framkvæmdastjóra sem gildir út 2007.

- Magntölur og rekstur

Framkvæmdastjóri kynnti magntölur og rekstrartölur Sorpstöðvar Suðurlands bs.

Fundi slitið kl 11:30

Bls 16